

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóða í Hamrabrekkum 9000-3060, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti 11. ágúst 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundalóðir í Hamrabrekkum 9000-3060 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í deiliskipulaginu felst að afmarkaðar eru þrjár lóðir fyrir 60 m² frístundarhús, 10 m² geymslu og 30 m² gróðurhús á hverri lóð.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 11. október 2005,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.